

**181** verður ekki betur sjeð, en að hann hafi ekki haldið nafnbót þeirri, er honum var veitt  
21. okt. sem yfirdómara.

Út af álitu því, er Benedikt sýslumaður Sveinsson hefir látið í ljósi um málið, þykir ráðgjafanum á hinn bóginn hlýða, að bæta því við, að þar eð hann með því hinn 13. maí 1876 að vera skipaður í embætti það, sem hann nú er í, hefir samkvæmt konungsúrskurði 20. maí 1874 öðlazzt hærri embættisnafnbót, en þá er fylgdi yfirdómaraembætti því, sem honum var vikið úr, þá gæti það, hvornig sem á málið væri litið, allsendis ekki komið til tals að greiða skatt af þessari nafnbót.

**182** — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um endurgjald á strand-  
22. okt. manna kostnaði. — Eptir að ráðgjafinn hafði að nýju skrifað utanrikisstjórninni í tilefni af þóknanlegu brjefi herra landshöfðingjans frá 12. október f. á.<sup>1</sup> viðvíkjandi endurgjaldi á þeim 633 kr., sem Snorri verzlunarstjóri Pálsson á Siglufirði hafði lagt út 1874 í fæðispeninga fyrir nokkra norska skipbrotsmenn af skipinu «Tromsö» frá Hamborg — hefir utanrikisstjórnin skýrt frá því, að hin keisaralega þýzka ríkisstjórn hafi nú samkvæmt endurnýjaðri áskorun utanrikisstjórnarinnar tjáð sig fúsa á að endurgjalda hina eptirösktu upphæð úr hinum þýzka ríkissjóði, og sent hingað 712 Rm% 12 pf., sem hefir verið skipt fyrir 632 kr., og þær greiddar í ríkissjóðinn, sem tekjur fyrir jarðabókarsjóð Íslands.

Jafnframt því að tjá yður hið framanskráða til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, vill ráðgjafinn hjer með þjónustusamlega mælast til þess, að þjer, herra landshöfðingi, vilduð þóknanlega sjá til, að greiddar verði úr jarðabókarsjóði, sem gjöld fyrir ríkissjóðinn til Snorra verzlunarstjóra Pálssonar fyrnefndar 632 kr. gegn kvittun í tvennu lagi, og sje önnur þeirra send hingað, svo henni verði komið til hinnar keisaralegu þýzka ríkisstjórnar.

**183** — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um aðstoðarlækni í  
3. nóv. Dalasýslu. — Þjer hafði, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá frá sóknarpresti sira Jakobi Guðmundssyni á Saudafelli í Dalasýslu og vesturumdæmi Íslands, er hlutaðeigandi amtmáður og landlæknirinn hafa veitt meðmæli sín, og þar sem nefndur prestur sækir um, að sjer megi veitast *venia practicandi*, sem aðstoðarlækni, samkvæmt 6. grein tilsk. 5. september 1794, og með því að mikil þörf sje á lækni í Dalasýslu, sem er hluti hins 4. læknishjæraðs, er auk tjeðrar sýslu nær yfir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og Flateyjarsókn af Barðastrandarsýslu. Í annan stað hafði þjer í þóknanlegu brjefi frá 28. ágúst þ. á. lagt það til, að beiðandanum megi verða leyft að veita læknishjálp í Dalasýslu, en þó þannig, að hann sje háður eptirliti hjeraðslæknisins í framkvæmdum sínum, sem aðstoðarlæknir.

Eptir að skrifazt hefir verið á út af þessu málefni við hið konunglega heilbrigðisráð, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn veitir beiðandanum *veniam practicandi* í Dalasýslu samkvæmt 6. grein tilskip. 5. sept. 1794, þannig að hann sem aðstoðarlæknir á að vera háður eptirliti hlutaðeigandi hjeraðslæknis.

1) Sbr. brjef ráðgjafans frá 25. júní f. á. (stjórnartíð. s. á. B. 105).